

Akureyrarbær / ráðhúsi
Umhverfissráð,
b.t. Bjarna Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúa.
Glerárgötu 9
600 Akureyri

Akureyri 3. maí 2004

Efni: Umsókn KKA Akstursíþróttafélags um landssvæði.

Undirritaður er formaður KKA.

Við sóttum um úthlutun lands til ÍTA og hefur ráðið mælt með því og vísað erindinu til Umhverfissráðs. Við vonumst til að Umhverfissráð fallist líka á erindið og félaginu verði úthlutað landssvæði undir starfssemi sína.

KKA Akstursíþróttafélag var stofnað 1995 og í því eru 179 félagar. KKA er aðildarfélag ÍBA og ÍSÍ. KKA sinnir akstri á torfærutækjum, þ.e. akstri torfærumótorhjóra og vélsleða. Félagið hefur séð um fjölda Íslandsmóta í þessum greinum.

Mikil lyftistöng er fyrir félagið og bæinn að fá keppnissvæði í þessum íþróttum við bæjardyrnar en þessar íþróttgreinar hafa farið mjög vaxandi á síðustu árum. Landssvæðið sem hér um ræðir er afar hentugt, það er hljóðeinangrað með náttúrulegri hljóðmön allt í kring, sést ekki frá veginum og er hentugt að bú a til brautir á því.

KKA þyrfti um 15 ha undir sínar brautir, sem eru mótokrossbraut, supercrossbraut, unglingsbraut og barnabraut. Ennfremur þarf æfingarsvæði, beygju- og bremsubrautir og fleira. Auk þess hyggst félagið gera brautir fyrir reiðhjól. Lengi hefur verið þörf fyrir reiðhjólasvæði en hingað til hafa börn sótt á byggingarsvæði og óbyggðar lóðir í bænum til að búa sér til brautir til að hjóla á. Mótokrossbrautirnar verða notaðar fyrir snjósleðaakstur á veturna. Snjósleðabrautir hafa verið starfræktar af KKA á 2 svæðum í bænum fram til þessa og myndi þessi starfssemi öll færast upp eftir á svæði KKA næsta vetur ef að verður. Á svæðinu þarf auk þess að gera ráð fyrir bílastæðum og stæði undir hús í framtíðinni. Aðgangur þarf að vera góð að þessum svæðum og á milli þeirra og þau þurfa að vera vel aðskilinn.

KKA sækir um nokkuð stærra land en kemur fram á teikningu ÍTA. Svæðið sem ÍTA tilgreinir er sennilega um 6-7 ha en svæðið sem KKA hefur tilgreint hér er rúmlega 12-13 ha á að giska. Á meðfylgjandi teikningu stingur KKA upp á að félaginu verði úthlutað landi alveg upp að landi Skotfélags Akureyrar. Á þessu svæði eru malarnámur sem eru ekki fullnýttar en bærinn getur haft þann fyrirvara á að hann geti sótt efni þangað ef þarf.

Í framtíðinni mun félagið sækja um að fá að byggja hús á svæðinu með hreinlætisaðstöðu o.fl. Það verður þegar fjárráð hafa aukist. En til að byrja með munu ekki verða aðrar framkvæmdir en að félagið mun girða svæðið og búa til ofangreindar brautir þar fyrir innan.

Eins og sést af þessu þarf félagið nokkuð stórt svæði en við vitum jafnframt að Akureyrarbær hefur ekki

fullnýtt efnistöku á svæðinu þannig að okkur er ljóst að bærinn þyrfti að hafa fyrirvara um töku efnis í framtíðinni.

Varðandi rekstur KKA svæðisins má nefna þetta. Áætlanir eru um að selja mánaðarpassa (límmiði á framdempara), sem munu gilda á svæði KKA. Reiknað er með að passinn þurfi að kosta kr. 2.000-2.500. Tekjum af þessari sölu mun verða varið í viðhald á brautinni. Það þarf að gera þjónustusamning við verktaka sem mun þurfa að, slétta, laga og bæta brautina eftir þörfum.

Opnunartímar brautarinnar munu sennilega vera þessir:

Virka daga 16.00 - 21.00

(hugsanlega verður ekki opið alla virka daga)

Laugardaga 11.00 - 18.00

Sunnudaga 11.00 - 18.00

Reglur eru tilbúnar fyrir svæðið. Eftirlitsmenn á svæðinu eru þeir sem sitja í mótókrossnefnd og stjórnarmenn KKA. Við munum virkja enn fremur alla félagsmenn í KKA til eftirlitsstarfa á brautinni.

Við höfum þegar fengið kr. 100.000 styrk frá Umhverfisstofnun til uppgræðslu á landinu.

Við munum sjálfir kosta gerð brauta á svæðinu en fyrirsjáanlegt er að peningar félagsins verði þar með þrotin þannig að Akureyrarbær getur búist við að fá umsókn um styrk við gerð girðingar umhverfis svæðið en félagsmenn munu sjálfir sjá um að setja girðinguna upp.

Stjórn KKA leyfir sér að senda uppkast af landnýtingarsamningi á milli Akureyrarbæjar og KKA Akstursíþróttafélags.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA.

Meðfylgjandi:

1. Tillaga að samningi milli KKA og Akureyrarbæjar um land.
2. Landssvæði, ljósrit loftmyndar. Merkt með gulu inn það sem KKA hefur áhuga á að fá undir sína starfssemi (KKA er með hluta þessa lands þegar frá bænum).
3. Teikning af æfinga- og keppnissvæði.